

Vegagerðin  
b.t. Hilmar Finnsson, deildarstjóri  
Borgartúni 7  
105 REYKJAVÍK

**2004060003**  
2503; 9710; 9310

Reykjavík, 6. september 2004  
/--

### **Efni: Garðskagavegur, Stafnes - Hafnavegur, Sandgerðisbæ og Varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 4. ágúst 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Garðskagavegar, Stafnes - Hafnavegur, Sandgerðisbæ og varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sandgerðisbæjar, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Ferðamálaráðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sandgerðisbæ með bréfi dags. 1. september 2004, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins með bréfi dags. 25. ágúst 2004, Ferðamálaráði með bréfi móttekið. 23. ágúst 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. ágúst 2004, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 13. ágúst 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. ágúst 2004.

Í bréfi Vegagerðarinnar, dags. 31. ágúst 2004, kemur fram að ekki er gerð athugasemd við umsagnir.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Vegagerðin ráðgerir að leggja nýjan veg um Garðskaga á Reykjanesi, milli Garðskagavegar (vegnr. 45) og Hafnavegar (vegnr. 44). Garðskagavegur endar nú við Stafnes, um 8 km sunnan við Sandgerði. Nýlagning vegar verður um 5,5 km, en þar til viðbótar nýtast um 3,8 km af vegi Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem liggur um svæðið. Heildarlengd hins fyrirhugaða vegar verður því um 9,3 km. Hönnunarhraði Garðskagavegar verður 90 km/klst. Áætlað er að um 52.000 m<sup>3</sup> af efni þurfi í fyllingar og burðarlög og þar af er áætlað að um 27.000 m<sup>3</sup> komi

úr skeringum og um 25.000 m<sup>3</sup> úr Stapafellsnámu. Áætlaður heildarkostnaður við veginn er um 90 milljónir króna.

**Náttúrufar.** Svæðið er að langmestu gróíð en gróðurhulan er víðast fremur þunn, einkum mosapemba og sneitt er hjá votlendi. Fuglalíf er allmikið á þessum slóðum og sér í lagi við Ósa, en ekki er búist við því að fuglalíf né annað dýralíf verði fyrir áhrifum en hins vegar muni aðgengi batna að svæðinu.

**Fornminjar.** Gálgaklettar eru taldir geta verið forn aftökustaður og eru í 32 m fjarlægð frá núrverandi vegi en fyrirhugaður vegur mun liggja í 43 m fjarlægð og geri Fornleifavernd ríkisins ekki athugasemdir við legu vegarins m.t.t. Gálgkletta en vekur athygli á öðrum minjum í nágrenni vegstæðis en engin þeirra sé í hættu vegna framkvæmdanna. Í fylgiskjali, bréf Fornleifaverndar ríkisins, dags. 2. júlí 2004, er auk Gálgkletta bent á fornleið frá Básendum, dysjar og refagildru sem rétt þyki að framkvæmdaraðilar séu meðvitaðir um, auk herminja en hugsanlegt sé að ein þeirra lendi í vegstæði og þurfi að ganga úr skugga um að búið sé að skrásetja hana með ljósmynd og staðsetningu.

**Landnotkun og skipulag.** Vegurinn mun skerða að litlu leyti land jarðarinnar Stafness en einnig skera jörðina í sundur. Reiknað er með að fébætur komi fyrir skerðingu lands og að girt verði beggja vegna vegar. Að öðru leyti mun vegurinn ekki hafa áhrif á búskap og búsetu á svæðinu. Gegnt Básendum er urðunarsvæði sorps á vegum Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og urðunarsvæði Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. er fyrirhugað ofan vegarins og er vegurinn sem hér er fjallað um ein af forsendum þess að það svæði verði tekið í notkun. Nokkuð er um lagnir á svæðinu, einkum í tengslum við Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og verður aflað nánari upplýsinga um þær við endanlega hönnun vegarins. Hvorki vatnsverndarsvæði sunnan Hafnavegar né svæði á náttúruminjaskrá við Ósa eða á Rosmhvalanesi verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni.

Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2002 – 2020 og verið sé að vinna að breytingum á Aðalskipulagi Sandgerðis 1997 – 2017 þar sem gert sé ráð fyrir Garðskagavegi.

**Hljóðvist, loftmengun og sjónræn áhrif.** Búist er við að árdagsumferð verði allt að 300 bifreiðar en ekki er búist við að hávaða- og loftmengun af hennar völdum muni verða vandamál. Framkvæmdinni muni fylgja sjónmengun meðan á henni stendur.

Tilgangur framkvæmdarinnar er einkum að skapa tengingu á milli Sandgerðis og Hafna og stytta leiðir á milli atvinnusvæða.

## ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

**Almennt.** Sandgerðisbær, Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Ferðamálaráð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

**Fornleifar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er vísað til bréfs stofnunarinnar, dags. 2. júlí 2004, til Vegagerðarinnar sem er fylgigagn með skýrslu Vegagerðarinnar og bent á að farið verði eftir þeim ábendingum sem fram koma í því, en þær vaða m.a. Gálgakletta og herminjar.

**Náttúrufar.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt valista

Náttúrufræðistofnunar Íslands sé ekki að finna vaxtarstaði válistaplantna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og telur stofnunin ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á gróður. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um fuglalíf telur Umhverfistofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Fyrirhugað vegstæði er hvorki innan friðlýsts svæðis né svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Vegstæðið raskar ekki jarðmyndunum eða vistkerfum sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdasvæðið er einnig utan vatnsverndarsvæða, sbr. staðfest aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða 9,3 km langan veg milli Garðskagavegar og Hafnavegar þar sem nýlagning verður um 5,5 km. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhugaður vegur liggur um verndarsvæði fornminja. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á náttúrufar og fornminjar og að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist verði lítil. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins um mikilvægi þess að framkvæmdaraðilar sýni aðgát á framkvæmdatíma varðandi Gálgakletta og aðrar fornminjar auk herminja.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Garðskagavegar, Stafnes - Hafnavegur, Sandgerðisbæ og Varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2002 – 2020 og breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðis 1997 – 2017 sem er í vinnslu. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sandgerðisbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og Varnarmálaskrifsofu utanríkisráðuneytisins.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. október 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Póroddur F Póroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sandgerðisbær, Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Ferðamálaráð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun

